

Stefnandi, J. Hinriksson hf., greiði stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, kr. 32.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 320/1988. **Ákærvaldið**
 gegn
Agnesi Eypórsdóttur
og Magnúsi Jónssyni

Kærumál. Frávisunardómur felldur úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávisunardómi til Hæstaréttar með kæru 29. september sl. Hann krefst þess, að frávisunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu 15. september sl.

Varnaraðilar hafa krafist þess að hinn kærði frávisunardómur verði staðfestur.

Á dómþingi 28. september sl. birti sakadómari sakborningum ákæru í máli þessu og skýrði þeim síðan frá því, að þau myndu ekki verða yfirheyrð um sakargiftir, heldur yrði málið strax tekið til dóms. Málið var síðan dómtekið og vísað sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins)

frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákærvalds sé fært að henni lokinni að ákveða, hvort opinbert mál skuli höfða, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Eins og í héraðsdómi greinir er í sakargögnum ekki að finna skráðar reglur og skilmála, sem almennt gilda í viðskiptum sem þeim, er mál þetta fjallar um. Þá verður ekki séð að ákærðu né aðrir hafi hjá rannsóknarlögreglu tjáð sig um skilmála þessa eða á hvern hátt ákærðu skuldbundu sig til að endurgreiða úttektir sínar og hvar átti að greiða. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að rannsóknarlögreglan hafi aflað skýrslna eigenda nafna þeirra, sem ákærða Magnúsi er gefið að sök að hafa falsað, eða aflað rithandar-sýnishorna þeirra.

Meðal sakargagna eru yfirlit yfir viðskiptareikninga ákærðu hjá Kreditkortum hf. Ákærðu hafa fyrir rannsóknarlögrelgu kannast við yfirlitin og viðurkennt þau rétt og ákærði Magnús hefur einnig jatað að hafa falsað nöfnin á framlögðum tryggingarvixli. Þegar litið er til þessara játninga ákærðu fyrir rannsóknarlögreglu og með hliðsjón af 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976, þykja gögn málsins og skýrslutökur í sambandi við þau nægileg til útgáfu ákæru, enda þótt nokkuð megi finna að rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Með vísan til framanritaðs þykir bera að fella hinn kærða frávisunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar.

Það athugast að samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 skal veita ríkissaksóknara kost á að tjá sig um mál, áður en dómari tekur ákvörðun um fram komna frávisunarkröfu. Efnisrök standa til að dómari gefi ríkissaksóknara einnig kost á að tjá sig um mál, áður en ákvörðun er tekin um frávisun ex officio, ef hann telur málatilbúnaði svo áfátt að frávisun komi til álita.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar að nýju.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 503-504/1988: Ákærvaldið gegn Agnesi Eyþórsdóttur og Magnúsi Jónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali rikissaksóknara dagsettu 15. september sl. á hendur Agnesi Eyþórsdóttur, fæddri 9. ágúst 1968 í Reykjavík, og Magnúsi Jónssyni, fæddum 9. júlí 1966 í Reykjavík, bæði að Suðurhólum 18 í Reykjavík.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirtalin brot:

I. Skjalafals.

Ákærða Magnúsi Jónssyni er einum gefið að sök að hafa falsað nöfn Kristins Á. Kristinssonar sem útgefanda og framseljanda og Erlu K. Magnúsdóttur sem ábekings á eyðublað fyrir tryggingarvixil v/Eurocard, sem er án dagsetningar og fjárhæðar, og sömu nöfn á yfirlýsingu, sem fylgir víxlinum, en þar er Kreditkortum hf. heimilað að breyta vanskilaskuld í víxilskuld og nota til þess nefnt víxileyðublað, og leggja þessi gögn síðan með umsókn sinni til Kreditkorta hf., Ármúla 28, Reykjavík, þann 2/11 1987 og afla þannig sér og meðákærðu greiðslukorta, þar sem innlend úttektarheimild var kr. 50.000,- og erlend \$2.000,00 á mánuði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Umboðssvik.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa misnotað langt umfram leyfðar úttektarheimildir Eurocard greiðslukort sín, ákærði Magnús kort nr. 5414-8300-2056-2103, en ákærða Agnes kort nr. 5414-8300-2056-2202, sem er aukakort á reikningi aðalkorthafa Magnúsar en úttektir færast á reikning hans. Ákærði Magnús sótti um greiðslukortin 2. nóvember 1987 og fékk þau afhent 3 dögum síðar eða 5. nóvember og er innlend úttektarheimild kr. 50.000,- en erlend 2.000,- Bandaríkjadali. Á tímabilinu 18. október 1987 til 17. febrúar 1988 tóku ákærðu út á greiðslukortin fyrir mun hærri fjárhæðir en um hafði verið samið eða í innlendum úttektum fyrir kr. 315.135,69 og í erlendum fyrir 2.808,80 Bandaríkjadali, þar af ákærða Agnes fyrir k. 196.709,75 í innlendum úttektum og í erlendum fyrir 859,75 Bandaríkjadali.

Úttektir ákærðu skiptust þannig eftir tímabilum:

		Innlend útt.	Erlend útt.
Tímabilið	18/10 1987 - 17/11 1987	kr. 30.381,95	\$ 962,30
"	18/11 1987 - 17/12 1987	88.713,19	\$1.846,50
"	18/12 1987 - 17/1 1988	128.032,55	
"	18/1 1988 - 17/2 1988	68.008,00	
Alls		kr. 315.135,69	\$2.808,80

Ákærðu er þannig gefið að sök að hafa tekið út á nefnd greiðslukort sin á umræddum tímabilum alls kr. 265,135,69 umfram innlenda úttektarheimild og 808,80 Bandaríkjadali umfram erlenda úttektarheimild með þeim afleiðingum að fyrirtækið Kreditkort hf., Ármúla 28, Reykjavík, var bundið við að greiða þær fjárhæðir.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Ákærða Magnúsi Jónssyni er gefið að sök að hafa falsað nöfn þeirra tveggja aðila sem greindir eru í ákærinni til þess að verða sér úti um greiðslukort hjá Kreditkortum hf. fyrir sig og ákærðu Agnesi Eypórsdóttur, en þessu er nánar lýst í ákæru málsins. Þá er ákærðu báðum gefið að sök að hafa framið umboðssvik með því að misnota langt umfram leyfðar úttektarheimildir Eurocard greiðslukort, sem þau fengu afhent í framhaldi af afhendingu ákærða á hinum fölsuðu skjölum hjá Kreditkortum hf.

Rannsókn máls þessa fyrir útgáfu ákæru er í ýmsu áfátt. Hvorugur þeirra aðila sem eiga þau nöfn sem ákærði Magnús á að hafa falsað hefur verið yfirheyrður né þeir látnir gefa rithandarasýnishorn við rannsókn málsins. Þá hafa úttektarnótur þær sem ákærðu eiga að hafa undirritað í viðskiptum sínum hvorki verið lagðar fram við rannsókn málsins né bornar undir ákærðu, heldur lögð til hliðar hjá rannsóknarlögreglu. Voru ákærðu eingöngu sýnd reikningsyfirlit yfir úttektir hjá Eurocard og að því er snertir síðastgreinda tímabilið er ákært fyrir úttekt að fjárhæð 68.008,00 krónur. Niðurstöðutala á reikningsyfirliti því sem liggur fyrir í málinu um þetta tímabil er hins vegar 29.781,21 og þar af úttekt 9.040,00 krónur.

Ekki liggja fyrir í málinu skilmálar og reglur Kreditkorta hf. um þau viðskipti sem málið fjallar um, en þau atriði munu vera prentuð á bakhlið umsóknar þeirrar er ákærði Magnús mun hafa undirritað þegar hann sótti um að fá kreditkortin. Umsóknin liggur fyrir í málinu í ljósriti og aðeins framhlið hennar. Verður ekki séð að rannsóknarlögreglan hafi gert reka að því að afla skilmálanna og regnanna né hafi það verið borið undir ákærðu, hvort þau hafi kynnt sér sérstaklega þessi atriði.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107, 1976, annast lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni hvort opinbert mál skuli höfðað og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Eins og rakið hefur verið er rannsókn málsins mjög ábótavant og ekki liggja fyrir í málinu úttektarseðlar ákærðu með undirskrift þeirra né heldur ljósrít þeirra, aðeins áðurgreind reikningsyfirlit yfir viðskiptin, sem þó nær ekki að því er snertir síðastgreinda tímabilið yfir jafnháa upphæð og ákært er fyrir. Þykja þessir seðlar vera slík undirstöðugögn í málinu að ekki hafi verið viðhlitandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar án þess að leggja þá fram við rannsókn málsins og bera þá undir ákærðu. Þykir þetta og önnur þau atriði sem rakin voru um galla á rannsókn málsins eiga að leiða til þess að vísa beri ákærunni í máli þessu ex officio frá sakadómi Reykjavíkur. Byggir dómurinn þetta á 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 13. gr. og 19. gr. laga nr. 107, 1976.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákæru í máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi Reykjavíkur.
Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.